124
22. okt.

Samþykt

um lokunartíma sölubúða í Reykjavík.

1. gr.

Öllum sölubúðum kaupmanna í Reykjavík skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2. og 3. grein samþyktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga árs skal búðum lokað eigi síðar en kl. 7 síðdegis, þó með þeim undantekningum, er nú skal greina.

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal öllum sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4. síðdegis.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda opnum búðum til miðnættis.

Á tímabilinu frá 20. júlí til 31. ágúst skal á laugardögum loka búðum eigi síðar en kl. 4 síðdegis.

Ef skortur er á eldsneyti eða ljósmeti í bænum, eða útlit fyrir að skortur geti orðið á því, þá er bæjarstjórninni heimilt að ákveða að sölubúðum skuli um lengri eða skemri tíma lokað fyr en kl. 7 síðdegis á virkum dögum.

3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta og 2. ágúst mega engar sölubúðir vera opnar. Ef 2. ágúst ber upp á sunnudag, skulu allar sölubúðir lokaðar 3. ágúst.

4. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á strætum og torgum eða annarsstaðar utan sölubúða kaupmanna, nema úr sjálfsölum, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verslunarleyfi.

5. gr. 124

Menn, sem komnir eru inn í verslun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er. 22. okt.

6 gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sjerstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykt þessari fyrir einstaka daga og til þess að sala fari fram í góðgerðarskyni, eða til ágóða fyrir stofnanir eða fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

7. gr.

Brot gegn samþykt þessari varða sektum 20—500 krónum og renna sektirnar í bæjarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Samþykt þessi öðlast gildi 1. nóvember 1918 og gildir til 31. október 1928, nema henni verði breytt á löglegan hátt eða annað verði ákveðið í almennum lögum.

Samþykt þessi, sem gjörð er af bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar, samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóvember 1917, um samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum, sbr. lög 2. ágúst 1918, um viðauka við þau lög, er hjermeð staðfest.

Í **Stjórnarráði Íslands, 22. október 1918.**

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.